



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Helga E. Þórisdóttir
150 Reykjavík

12. mars 2002

Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492 mál.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 27. febrúar 2002.

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um verndun hafs og stranda. Samtökin vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við Alþingi:

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um bann við losun í hafið. Sú spurning vaknar hvort ekki sé eðlilegt að lögin byggja á þeirri grundvallarreglu að öll losun í hafið sé bönnuð, en tilgreina síðar undanþágur sem veittar eru frá þeirri reglu jafnframt sem stjórnvöldum verði heimilað að veita undanþágu frá þessari reglu við tiltekna aðstæður. Með þessari breytingu yrði framsetning ákvæða um losun í hafið sambærileg við ákvæði um varp efna og lagnir sæstrengja og neðansjárleiðslna (sjá 9. gr.).

Í 8. gr. kemur fram að heimilt sé að losa sorp frá skipum og óvinnsluhæfan úrgang utan þiggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Landvernd telur að í þessu sambandi sé mikilvægt að tilgreina að losun sorps utan þriggja sjómílan sé háð ströngum reglum sem byggjast á MAPOL-samningum um varnir gegn mengun frá skipum og hafa verið tilgreindar í reglugerð nr. 430 frá 1997.

Í 8. gr. væri æskilegt að girða fyrir losun kjölvatns frá öðrum hafssvæðum, en með kjölvatni geta borist framandi lífverur sem geta umturnað vistkerfum.

Við lestur 8. gr. vaknar sú spurning hvort og hvernig sé tekið á losun skólps frá skipum. Það er nauðsynlegt að reglur um þetta atriði séu skýrar og í fljótu bragði virðast lög um verndun hafs og stranda eðlilegur farvegur fyrir lagasetningu um þetta atriði.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er fjallað um varp efna. Í lið b. er heimilað að varpa náttúrlegum, óvirkum efnem sem samsett eru úr efnem sem talið er ólíklegt að losni út í hafsvæði. Landvernd gengur út frá því að þetta ákvæði þýði að óheimilt sé að varpa efnem í hafið nema sýnt hafi verið fram á með vísindalegum gögnum að viðkomandi efni komi ekki til með að losna og berast út í hafsvæðið.

Breytingar/rask á hafsbotni

Spurningin um áhrif veiðafæra á hafsbotn og lífríkið á hafsbotninum hafa verið mikið til umræðu undanfarin misseri. Sú spurning vaknar þegar rýnt er í frumvarpið hvort ekki sé skynsamlegt að lög um verndun hafs og stranda kveði á um með hvaða hætti koma megi í veg fyrir eða takmarka framkvæmdir og veiðar sem valda skaðlegum breytingum á hafsbotni. Í þessu sambandi má benda á ákvörðun um verndun búsvæða í hafinu (habitat) sem samþykkt hefur verið innan OSPAR-samningsins.

Virðingarfyllst,
Tryggvi Felixson
framkvæmdastjóri Landverndar